

**Dr. Sigrún
Júlíusdóttir**



UM VÍSINDI OG VETTIVANG

— Viðhorf og aðferðir í félagsvísindum¹

Inngangur

Í starfs- og fræðigreinum sem kenndar eru í háskóla hefur áhuginn í vaxandi mæli beinst að því hvernig brúa megi bilið á milli vísinda og vettvangs þannig að hvort styðji annað. Þetta á ekki síst við greinar þar sem viðfangsefnið er lifandi fólk. Vettvangstengdar greinar innan félagsvísindanna einsog sálfræði- og félagsráðgjöf, uppeldisstörf og kennsla þurfa að byggja á fræðilegum grunni og rannsóknnum á þáttum sem glímt er við í daglegum störfum. Hér er um að ræða ytri skilyrði einsog löggjöf, skipulag, aðbúnað og framkvæmd starfsins og hins vegar innri þætti sem snerta samskipti, gildi og vinnulag. Í þessu efni hafa þekkingarfræði, aðferðaþróun og viðhorf verið hugleiknar spurningar og er þá ekki síst spurt hvort sömu rannsóknaraðferðir eigi við hvaða efnivið sem er. Einnig hafa menn rætt hvernig fræðastörf og fagmennska hljóti að haldast í hendur og um leiðir til að ryðja þeirri samfylgd braut. Hér á eftir verður fjallað nokkuð um þetta — með því að líta fyrst til fortíðar.

Líta félagsvísindi og raunvísindi sömu lögmálum?

Er vit í vísindum? var spurt í fyrirlestraröð sem nemendur í félagsvísindadeild Háskóla Íslands gengust fyrir í vor. Á málþinginu komu m.a. fram nýstárleg og gagnrýnin viðhorf til þess hvernig vísindi (bæði í raunvísindum og félagsvísindum) tengdust hugtökum eins- og sannleika og vissu. Erindin voru hvert öðru áhuga- verðara, en rauði þráðurinn — eða sá sem ég heyrði —

var: Til hvers eru vísindi? Geta vísindalegar rannsóknir fært okkur stóra Sannleika? Eiga þær að leitast við að gera það og þá með hvaða aðferðum?²

Þetta eru reyndar spurningar sem mannkynið hefur verið að glíma við frá tímum Forn-Grikkja. Allt frá frumspeki Platóns og Aristótelesar hafa verið skrifuð rit um eðli þekkingarinnar og aðferðir vísinda. Hvað geta þau sagt okkur og til hvers eru þau? Leitum við að orsakaskýringum eða skilningi? Alveg fram á þessa öld má segja að hugmyndir um þekkingarsköpun og gildi þekkingar hafi verið mótaðar af kenningum Aristótelesar og leitinni eftir algildum svörum og skýringum, skýringum á heimsmyndinni jafnt sem einstökum fyrirbærum. Þetta eru viðfangsefni vísindaheimspekinnar og þekkingarfélagsfræðinnar. Um eitt geta þó flestir verið sammála í umræðunni um eðli vísinda: Öll þekking byggir á reynslu, hvort sem hún er byggð á daglegum störfum eða skipulegum athugunum. Manneskjan getur aðeins þroskast gegnum reynslu, öll framvinda er háð einhvers konar áreiti.

Félagsvísindin sem voru að mótask á 19. öldinni með Auguste Comte (1798–1857) í fararbroddi festust lengi í sömu hugsanabrautum sem mótuðust af verkum hans sem upphafsmanns pósitívismans þ.e. raunhyggju í félagsvísindum. Samkvæmt þeim er þar byggt á sömu aðferðum og beitt hafði verið í náttúruvísindum (pósitív = örugg, rétt vitneskja). Ítrasta markmiðið er hlutlægni, hlutlaus athugun þar sem sömu mælitækjum (aðferðum) er beitt á lifandi fyrirbæri og á stokka og steina. Rannsóknaraðferðir sem byggjast á tölfræðilegum útreikningum eru oft víðs fjarri því sem á að skoða t.d. í mannlegri hegðun, viðhorfum eða sam-

Meginmarkmið þessarar greinar er að miðla hugmyndum um nauðsyn sterkari vísindahugsunar eða rannsóknarviðhorfs meðal uppeldis- og hjálparstétta. Annars vegar til þess að þær séu betur í stakk búnar til að mæta vaxandi kröfu nútímasamfélags um þekkingu og færni til að rækja sitt faglega hlutverk . . . hins vegar til að þær geti risið undir nafni sem fagstétt . . .

skiptum. Gott dæmi eru staðlaðir spurningalistar. Þeir geta vitaskuld aðeins gefið svör við því sem spurt er um og er ekki einu sinni víst að þeir svari einmitt því þarsem stundum er svarið byggt á forsendum sem ekki er hægt að vita um (svarandinn svarar út frá sínum skilningi og aðstæðum, sem ekki er auðvelt að hafa tök á). Þannig er mikil hætta á að spurningalistar geti aðeins gefið upplýsingar um tiltölulega einföld, stök og afmörkuð atriði og séu best til þess fallnir að sýna ákveðin mynstur og reikna út fylgni milli þátta og finna skýringar útfra afmörkuðum tilgátum. Því hafa nú á síðustu árum þróast aðrar aðferðir sem henta betur til að ná fram þekkingu um eðli mála og til þess að fá fram skilning fremur en skýringar. Það eru hinar eigindlegu aðferðir. Eigindlegar aðferðir byggja á persónulegum, löngum viðtölum við valda hópa eða einstaklinga. Greining, skoðun og matsaðferðir eru notaðar til að kortleggja ferli og samhengi. Þetta er vel þekkt t.d. úr sagnfræðilegum rannsóknum þar sem rannsókn á reynsluförða gefur skilning sem umbreyttist í hagnýtt vit daglegs lífs.³

Fyrstu rannsóknirnar á mannlegum samskiptum, innan fjölskyldu og í skólastarfi voru hins vegar gerðar með aðferðum raunvísindanna. Reynt var að frysta hegðun og staðla aðstæður til að geta skoðað „hlutlaust“ án áhrifa frá umhverfi og athugandanum sjálfum. Reynt var að þjálfa athugendur til þess að líkjast véllum fremur en manneskjum. Jafnvel klínískir rannsakendur voru ofurseldir þessari trú. Ég segi „trú“ því slíkur var heilagleikinn og vantrúin á aðra nálgun. Við brosum í dag (þó ennþá hikandi) að þessum tilraunastofu-athugunum á samskiptakerfum (skóla, fjölskyldu) — og hugsum með hlýhug til þess sem Nietzsche er sagður hafa sagt, að ekki sé hægt að skilgreina lifandi fyrirbæri einsog dauða hluti. Fyrirbæri sem eiga sér sögu eru síbreytileg ferli fremur en staðreynd og geta aðeins skilgreinst og skoðast útfra samhengi sínu, ytri og innri aðstæðum.

Heildarsýn — tengsl vísinda og samfélags

Í byrjun aldarinnar fór að örla á alveg nýjum hugmyndum. Hugsun E. Durkheims (1858–1917) var í grunninn sú sama og Comtes en sá fyrirnefndi fór að skoða hlutina í samhengi. Hann áleit félagsleg fyrir-



bæri, hegðun mannsins, vera samofin ytri umgjörð samfélags og menningar, innri og ytri lögmál manns og umhverfis væru í órofa samspili og bæri að skýra í því ljósi. Í þessu efni er sjálfsmorðskenning hans markvert framlag. Þetta er inntak kenninga um samvirkni (funktionalisma) sem er forsenda kenninga um vanvirkni eða truflaða hegðun sem T. Parsons þróaði manna mest.

Nátengd funksjonalismanum er kerfiskenningin GST (General Systems Theory) og þar beinist áherslan áfram að skýringum og orsakasamhengi. Í dag er GST einkum kenningargrunnur og við tölum frekar um kerfisnálgun, -viðhorf eða -sýn, „systemic approach“ en kenningu og er áherslan þá færð frá skýringum að skilningi. Önnur kenning á svipuðum slóðum er „social interaksjonalism“, einna þekktust í útfærslu U. Bronfenbrenners, en skrif hans eru uppeldisfræðingum og skólafólki vel kunn. Í gæðastjórnun í kennslu, í starfsleikniþjálfun og í vinnustaðaráðgjöf er sumpart tekið mið af kerfisnálguninni, en þó allra mest í meðferð og í


eiginlegri breytingavinnu⁴ á stofnunum sem hafa manneskjur að viðfangsefni (félagsráðgjafar, kennarar, hjúkrunarfræðingar, lækningar, sjúkrabjálfarar, sálfræðingar).

Próunina má draga saman út frá nokkrum hugtökum: Við höfum horfið frá pósitívisma til túlkunarfræði, frá leit að skýringum til leitar að skilningi og frá þráðhugsun til ferlishugsunar, frá greiningu með merkimiðum eða stimplun til skilnings á samhengi. Jafnvel hefðbundin vísindi þróa nú nýja sýn og viðurkenna þörf á margbreytileika í stað einhyggju.

Í vettvangstengdum greinum, einsog kennslu og félagsráðgjöf, var lítil fræðileg þróun í áratugi. Segja má að hinar pósitívsku hugmyndir á grunni raunhyggju og náttúruvísinda sem félagsvísindin báru svo lotningarfulla virðingu fyrir lengst af hafi ekki fengið hljómgrunn meðal vettvangstengdra greina. Það kann að virðast sem fálæti þessara greina um vísindi hafi einna helst mátt rekja til þess að heppileg verkfæri (aðferðir) vantaði. Fjarlægðina milli vettvangs og vísinda mátti að hluta skilja út frá ólíkum áherslum og gildum en líklega ekki síður af því að ríkjandi aðferðir áttu ekki við. Þær pössuðu ekki. Menn vissu þetta á einhvern hátt og sneru sér að því að vinna verkin. Orkan fór í að móta sér starfshlutverk í breyttum heimi en það skorti hins vegar eigin rannsóknir og fræðilegan grunn til í

takt við samfélagsþróunina. Þannig má segja að vettvangstengdar greinar hjálpar- og uppeldisstétta nema líklega læknisfræði hafi verið í eins konar tilvistar- eða þroskakreppu fram eftir öldinni en um leið orðið að svara kalli þjóðfélags í umbreytingu og auknum kröfum um markviss og fagleg vinnubrögð. Slík vinnubrögð geta aldrei byggst á geðþótta eða aðeins venjulegri skynsemi heldur verða þau að standa traustum fótum á sjálfstæðum þekkingargrunni. Í þessu samhengi má nefna að félagsfræðingurinn R. Merton (1978) lagði drjúgan skerf til mála með umfjöllun sinni um það hvernig þjóðfélagsaðstæður hafa áhrif á tilkomu og þróun ákveðinna greina og hvernig þekking og vísindi þróast í samspili við samfélagsþróun.

Eitt glögg dæmi um að breyttar samfélagsaðstæður kalli á breytta starfshætti er breytt hlutverk skólans og verksvið kennara og sú brýna þörf sem varð á því að þróa nýja starfshætti innan veggja skólans. Jafnframt varð að færa út kvíarnar og huga að samstarfi við aðrar samfélagsstofnanir og þá ekki síst að traustum tengslum milli heimilis og skóla. Annað dæmi eru þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á fjölskyldunni og nánung tengslum fólks, einkum eftir seinni heimsstyrjöld. Gerð fjölskyldunnar breyttist, samskiptamynstur og sambúðarhættir tóku á sig nýja mynd og hlutverkin hrundu af henni, ef svo mátti að orði komast. Þau



Bakhjarl

SPARISJÓÐSINS

Öryggi í stað áhættu



SPARISJÓÐURINN

SPARISJÓÐUR VÉLSTJÓRA


- þar sem þú hefur forgang.

fluttust til faglegra staðgengla og stofnana og tóku m.a. kennarar, fóstur, félagsráðgjafar og sálfræðingar við mörgum af verkefnum hennar. Félagsmótun, fræðsla, aðhlyning og gæsla urðu fagleg viðfangsefni. Þeir sem sinntu þessum nýju verkefnum urðu ekki aðeins að mæta auknum kröfum um færni og ábyrgð heldur urðu þeir umdeildir og margt í framlagi þeirra vanmetið. Svar margra þeirra hefur verið að afla sér aukinnar menntunar til þess að standa sterkar að vígi. Jafnvel þjónar kirkjunnar breytast nú úr embættismannastétt í fagstétt með sérhæfingu og aukna fræðilega þekkingu.

Uppeldis- og hjálparstéttir þróa eigið viðtak

Nokkrir hugsuðir á fyrri hluta aldarinnar hafa haft mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri þróun sem hér er dregið á. Ég nefni þá fremstan til sögunnar J. Dewey (1859–1952), bandarískan heimspæking og uppeldisfræðing sem ruddi brautina fyrir gagnsemis- eða nytjahyggu í vísindum. Líklega hafa hugmyndir hans skipt hvað mestu fyrir bætt móttökuskilyrði fyrir nýjar aðferðir og rannsóknarvinnu meðal uppeldis- og hjálparstétta. Hugsun hans er að nokkru undanfari kennslu- aðferðar sem nú fær víða hljómgrunn, „problem based learning“ og „learning by doing“ en hún tengist einnig hugmyndum Rousseau um uppeldisaðferðir. Hún byggir á því að þú læri best á því að nota sjálft sig í lærdómsferlinu — verða sjálft hluti af þekkingarsköpunarferlinu. Þetta á einkum við í námi hjálpar- og uppeldisstétta. Þetta er í raun sama hugmynd sem Freud (1826–1939) byggði meðferðarkenningu sína á, þ.e. að eigin tengingar og eigið innsæi séu forsenda þroska og um leið þess að raunverulegar breytingar geti átt sér stað. Við vitum líka að bein ráðgjöf, hrá frá öðrum, hefur oftast sömu grunnu áhrifin og ítrodslan; hún er ófagleg og henni hættir til að standa stutt við og koma að takmörkuðu gagni.

Óhætt er að segja að allar þessar vettvangstengdu greinar, sem svo mjög þurfa á eigin fræðipekkingu að halda, hafi lent í eins konar sjálfsmýndarkreppu. Hvernig á starfshlutverkið að vera? Á hvaða fræðigrunni á að starfa? Hvernig á að sameina fræði og fag? Á að byggja á eigin rannsóknum, eigin efniviði og viðmiðum sem mótast af forsendum og þörfum greinarinnar eða þróa fræðipekkingu sína og aðferðir út frá hefðbundnum rannsóknum — eða eftilvill láta sér nægja að byggja alfarið á rannsóknum frá öðrum? Bent hefur verið á í þessu samhengi að yngri starfs- og fræðigreinar, sem eru að þróa ímynd sína og styrkja sig í sessi, þurfi sjálfar að skilja og skilgreina stöðu sína í ljósi sögulegra forsendna og félagslegrar framvindu. Þetta gera þær með því að móta sér sjálfstæðan, fræðilegan grunn og samræmda skilgreiningu á hlutverki sínu í vísindasamfélaginu jafnt sem úti á mörkinni. Það er í þessu samhengi sem hugtakið *viðtak*⁵ í vísindum kemur inn í myndina. Hugmyndin um eigið viðtak



greina felur í sér að nauðsynlegt sé að þeir sem fást til dæmis við kennslu og rannsóknir á kennslu- og skólumálum hafi mótað sér sameiginlega, sjálfstæða hugmynd og skilning á hvað sé viðtekið um að hverju rannsóknir í greininni eigi að beinast, með hvaða aðferðum og í hvaða tilgangi. Hér er einnig átt við viðhorfin til þeirrar þekkingar sem þarf að skapa, notkun hennar, þróun og tilgang. Það er hér sem hið svonefnda vettvangs- eða nytsemisviðtak kemur inni myndina hjá starfs- og fræðigreinum, þ.e. fagstéttum, einsog vísað var til hér að framan. Sú þekking sem þarf að skapa getur snert vinnulag og starfsaðferðir, úrræði, aðstæður og stefnumörkun, vinnustaðinn, nemendahópin (skjólstæðinga, sjúklinga) eða fagmanninn sjálfan sem verkfæri.

Um fagmennsku og fræðastörf; rannsóknarviðhorf

Samkvæmt hugmyndum að baki fagmennsku, sem spurningamerki verður varla sett við lengur, þurfa ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi til þess að starfsgrein rísi undir nafngiftinni fagstétt. Þar koma m.a. til sögunnar lengd og gæði grunnnáms, kostur á framhaldsnámi og sérhæfingu, eigin siðfræði eða siðareglur og það sem er kannski hvað mikilvægast; eigin rannsóknir í þágu fagþróunar og bættra aðferða.

Í vettvangstengdum greinum hefur viðhorf til vísinda mótast af ákveðinni tvíhyggju (dikotomi), en slík hugsun er framþróun yfirleitt til trafala. Ákveðinn hugmyndafræðilegur ágreiningur um hlutverk viðkomandi fagstéttar og ólíkar áherslur á gildi hins fræðilega og hagnýta hafa átt sinn þátt í að teyja þróunina. Menn festast í „annað hvort — eða“ hugsun. Annað hvort er ég fræðimaður eða fagmaður. Tvíhyggjan milli háskólunar „akademiseringar“, þróaðra vinnuaðferða

og verðugra launa annars vegar og hins hefðbunda hlutverks, leikmennsku og jafnvel fórnarlundar á hugsjónagrunni hins vegar er þannig hindrun. Menn hafa átt erfitt með að sjá fyrir sér hvernig megi samræma þetta tvennt. Nokkur veigamikil atriði hafa skipt miklu við að losa um þessa togstreitu. Í kjarabaráttu vettvangstengdra greina er nú t.a.m. lögð mikil áhersla á viðurkenningu á endurmenntun, samfelld leyfi frá kennslu eða meðferðarstörfum til þess að geta bætt við sig námi, kynna sér nýjungar á sviðinu eða afla sér sérfræðiréttinda. Segja má að andsvarið við þessu sé að innleiða eða reyna að móta það sem ég hef kallað rannsóknarviðhorf strax í grunnnámi vettvangstengdra greina. Hér kemur m.a. til kasta kennara í grunnnámi að tryggja aðferðafræðilega þekkingu og miðla viðhorfi um nauðsyn rannsókna í bland við beitingu fræðanna. Í þessu felst t.d. það að hvetja til reglubundins lesturs fræðitimarita, hafa vakandi auga með rannsóknarverkefnum úti á mörkinni, líta á eigin reynsluförða sem tæki til framþróunar og nýta endurmenntunarmöguleika og leyfi frá daglegum skyldustörfum til þess að slípa sjálfan sig sem verkfæri og treysta starfsmyndina, eða til þess að þróa aðferðir og vinna að nýjum lausnum í starfinu. Þetta hefur samtímis orðið mörgum uppbyggileg lausn við starfspreyту, vonleysistilfinningu eða kulnun⁶ í starfi.

Aðferðafræðileg þróun hefur haldist í hendur við breytta sýn á forsendur félagsvísinda, þ.e. að í rannsóknum á samskiptum manna, í fjölskyldu, skólafélagi, í fyrirtækjum eða á geðdeildum, þurfi að beita annars konar og oft fjölbreytilegri aðferðum en í raunvísindum. Sú þróun, sem fjallað var um hér að framan, hefur einnig falið í sérvangaveltur um siðfræðileg atriði í félagsvísindum og kennslu, m.a. í rannsóknum á nemendum sem eiga í sérstökum erfiðleikum, detta úr skóla o.s.frv. og svo fórnarlömbum eða illa stöddu fólki. Rannsóknarefnið er til komið sem svar við spurningum frá vettvangi. Aðferðin er valin eftir viðfangsefninu og til þess að geta fundið svar við brennandi spurningum frá þeim sem vinna störfin, eða það sem sænski félagsráðgjafarprófessorinn Harald Swedner (1983) nefndi kallið frá vettvangi (ropet frá fältet). Fagfólk úti á mörkinni hefur sérstakar forsendur til þess að vita hvaða spurningar eru brýnastar, það býr yfir reynslu af eðli málsins og hefur sérstakan aðgang að rannsóknarefniðnum. Meiri vísindahugsun, aukin fræðileg þekking ásamt skilningi á fagmennsku hugtakinu til viðbótar við þessar meginforsendur ætti að opna leiðir til fjölbreyttara starfshlutverks og aukinna áhrifa í stað kulnunar. Þetta síðastnefnda er líklega eitt mesta áhyggjuefnið í þroskaferli fagfólks í uppeldis- og hjálparstéttum.

Lokaorð

Meginmarkmið þessarar greinar er að miðla hugmyndum um nauðsyn sterkari vísindahugsunar eða rannsóknarviðhorfs meðal uppeldis- og hjálparstétta. Annars vegar til þess að þær séu betur í stakk búar til að mæta vaxandi kröfu nútímasamfélags um þekkingu og færni til þess að rækja sitt faglega hlutverk, hvort sem það er gagnvart nemendum, skjólstæðingum, sjúklingum eða neytendum opinberrar þjónustu yfirleitt. Hins vegar svo að þær geti risið undir nafni sem fagstétt (profession) og öðlast virðingarsess meðal annarra greina sem þegar hafa öðlast traust og uppskera virðingu samfélagsins og laun í samræmi við það. Greinin byggir, einsog áður er getið, að hluta á erindi um gildi þess fyrir uppeldis- og hjálparstéttir að þróa aðferðir á grundvelli eigin rannsóknarviðtaks þar sem gengist er við eigin hugtökum, reynsluförða og félagslegu hlutverki. Þörf þeirra fyrir eigin rannsóknir, forsendur þess og markmið eru að talsverðu leyti öðruvísi en meðal hefðbundinna vísinda. Í skemmtilegum og fróðlegum umræðum með reyndum framhaldsskólakennurum á Akureyri síðastliðið sumar fann ég að þessar hugmyndir áttu hljómgrunn og fannst því vert að þróa þær til birtingar á aðgengilegum vettvangi.

- 1 Greinin er unnin uppúr erindi sem flutt var á endurmenntunarnámskeiði fyrir framhaldsskólakennara á Akureyri síðastliðið sumar.
- 2 Gert er ráð fyrir að erindin verði gefin út á næstu mánuðum.
- 3 Áhugaverða umfjöllun um framsotningu og hlutverk sögulegrar þekkingar er að finna í Rusen 1994.
- 4 Ég hef m.a. fjallað um þetta efni í grein minni „Fjölskyldan — eitt eilífðar smáblóm“, 1994.
- 5 Viðtak er þýðing á paradigm sem kennt er við T. Kuhn (1962). Hugsun hans er sú að nálgun og aðferðir í vísindum hljóti að mótast af þeirra eigin forsendum og þörfum, það sé engin ein algild hugmynd eða nálgun til að byggja á. Þetta hugtak hefur orðið frjótt tæki, ekki síst fyrir vettvangstengdar greinar, til að átta sig á stöðu sinni í vísindasamfélaginu.
- 6 Kulnun er þýðing á enska orðinu burn-out. Mér finnst starfspreyta lýsa því fullt eins vel. Hugtakið verður til í umræðu um aðstæður nútíma fagstétta sem oft axla mikla ábyrgð og þung verkefni við lakar aðstæður og ónóg úrræði og hafa hafa auk þess lágan sess og lág laun sjálfum sér til handa.

Heilmildir.

- Bronfenbrenner U. 1985. *The Ecology of Human Development: Experiments by Nature and Design* Cambridge:Harward Univ. Press
- Merton R. , 1978 (Endurprent. frá 1983) *Science, Technology and Society in Seventeenth Century*. New Jersey .
- Parsons, T & Shils E. A 1953. *Toward a general theory of action*. Cambridge : Harward Univ. Press
- Kuhn T. 1980. *The Structure of Scientific Revolution..* Chicago (Endurútg. frá 1962)
- Rusen J. 1994. *Lifandi saga. Framsetning og hlutverk sögulegrar þekkingar*. Þýðing Gunnars Karlssonar. Sagnfræðistofnun HÍ.
- Sigrún Júlíusdóttir 1987. „Teorins relevans för praktiskt socialt arbete“. *Nordiskt Socialt Arbete* nr 1.
- 1989. *Félagsráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun*. Háskólaútgáfan.
- 1994 Fjölskyldan-„eitt eilífðar smáblóm“ í *Fjölskyldan. Uppspretta lífsgilda*. Félagsmálaráðuneytið. bls. 185-198.
- Schmidt, D. Mortensen E. og Emntzon A.W. 1986. „Forskning i socialarbejderens professionelle rolle.“ *Nordisk Socialt Arbejde* nr.4
- Swedner H. 1983. *Socialt arbete: En tankeram*. Lund.
- Törnebohm, H. 1983. *Studier av kunskapsutveckling*. Karlstad.

Dr. Sigrún Júlíusdóttir er dósent í félagsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.